

Fundargerð 67. fundar

verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2021, mánudaginn 20. september kl. 11:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Rut Arnfjörð Jónsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Freyr Ævarsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri og Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 66. fundar - 2009015SA

Fundargerð verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 20. ágúst sl., lögð fram til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

2. Vinna við nýjan samning Úrvinnslusjóðs og SFS um veiðarfæraúrgang - 2106007SA

Úrvinnslusjóður og Samtök fyrirtækja í sjárvarútvegi (SFS) ásamt nokkrum veiðarfæragerðum vinna að gerð nýs samnings um söfnun og aðra meðhöndlun veiðarfæraúrgangs. Núgildandi samningur um veiðarfæraúrgang er frá 2005 og byggir á undanþáguheimild frá úrvinnslugjaldi í 3. mgr. 8. gr. laga nr. 62/2002 um úrvinnslugjald. Málið var síðast til umræðu í verkefnisstjórninni þann 20. ágúst sl. Fulltrúar sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs fóru yfir framgang málsins. Fram kom að vinna við gerð nýs veiðarfærasamnings er enn í gangi. Samningurinn hefur verið sendur til Umhverfisstofnunar til umsagnar og er nú verið að vinna úr þeim ábendingum er bárust frá stofnuninni.

Verkefnisstjórnin leggur áherslu á að Úrvinnslusjóður skýri vel ábyrgð sveitarfélaga gagnvart móttöku á veiðarfærum. Ólíklegt er að samningurinn nái markmiði sínu ef höfnum er skylt að taka við veiðarfærum þrátt fyrir að SFS og veiðarfæragerðir séu með sérstakar söfnunarstöðvar. Almenn afstaða verkefnisstjórnar er sú að framleiðendaábyrgð eigi að vera sem viðtækust og á það líka við söfnun og aðra meðhöndlun veiðarfæraúrgangs.

3. Breytingar framundan vegna nýlegra lagabreytinga og starf verkefnisstjórnar - 2009015SA

Lög um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi) tóku gildi 13. júní. Sambandið hefur tekið saman helstu þætti lagabreytinganna og áhrif þeirra á úrgangsstjórnun sveitarfélaga.

Á síðasta fundi verkefnisstjórnar, þann 20. ágúst, var til umræðu starf verkefnisstjórnarinnar í ljósi þeirra breytinga sem framundan eru. Ákveðið var að halda þeirri umræðu áfram.

Verkefnisstjóri og sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsvið sambandsins kynntu samantekt sambandsins og hugmyndir að leiðum til að starf verkefnisstjórnarinnar nýtist sem best í þeirri vinnu sem framundan er.

Góðar umræður voru um mikilvægi þess að sveitarfélög vinni saman við innleiðingu hringrásarhagkerfisins og þeirra breytinga er fylgja umræddum lagabreytingum. Einnig er nauðsynlegt að tryggja gott samstarf við helstu hagaðila.

Verkefnisstjóra falið að vinna málið áfram fram að næsta fundi.

4. Breytt innheimta sveitarfélaga í úrgangsmálum - 2012018SA

Sambandið og Umhverfisstofnun hafa undirritað samning, dags. 8. júní, um vinnu við gerð úttektar á breyttri innheimtu sveitarfélaga sem er aðgerð sem kemur fram í stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra um meðhöndlun úrgangs 2021-2032. Málið tengist umfangsmiklum breytingum sem gera þarf á innheimtu sveitarfélaga fyrir meðhöndlun úrgangs vegna nýrra krafna sem gerðar eru í nýlegum breytingu á ýmsum lögum vegna innleiðingu hringrásarhagkerfis og koma til framkvæmda 1. janúar 2023. Sambandið ber ábyrgð á verkefninu og hefur fengið ráðgjafastofuna EFLU til að halda utan um verkefnið. Málið var áður á dagskrá verkefnisstjórnar 11. júní sl.

Stefán Þór Kristinsson efnaverkfræðingur hjá verkfræðistofunni EFLU kynnti áherslur og stöðu vinnu við úttektina.

Verkefnisstjórn þakkar fyrir góða kynningu á verkefninu og væntir þess að afurðin muni nýtast sveitarfélögum við innleiðingu breyttrar innheimtu sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs.

5. Handbók sveitarfélaga í úrgangsstjórnun - 2012018SA

Sambandið og Umhverfisstofnun hafa undirritað samning, dags. 8. júní, um vinnu við gerð handbókar fyrir úrgangsstjórnun sveitarfélaga og úttektar á breyttri innheimtu sveitarfélaga sem eru aðgerðir sem koma fram í stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra um meðhöndlun úrgangs 2021-2032. Sambandið ber ábyrgð á gerð handbókarinnar og hefur fengið VSÓ-ráðgjöf til að halda utan um verkefnið. Málið var áður á dagskrá verkefnisstjórnar 11. júní sl.

Bryndís Skúladóttir efnaverkfræðingur og Kristín Þrastardóttir umhverfisverkfræðingur hjá VSÓ-ráðgjöf kynntu vinnu við gerð handbókarinnar.

Verkefnisstjórn þakkar fyrir góða kynningu á verkefninu og væntir þess að afurðin muni nýtast sveitarfélögum við innleiðingu þeirra breytinga sem framundan eru í málaflöknum.

6. Fundur með Municipal Waste Europe - 2009223SA

Sambandið er aðili að Municipal Waste Europe (MWE) og hafa fulltrúar MWE óskað eftir fundi með fulltrúum sambandsins til að ræða ýmsar áherslur í stefnu ESB í málefnum tengdum hringrásarhagkerfinu og úrgangsmálum. Einnig er

ætlunin að kynna starfsemi MWE á fundinum. Fundurinn er hluti af fundaröð MWE með fulltrúum aðildarlandanna í ljósi COVID og að reglulegir staðfundir á vettvangi samtakanna hafa fallið niður.

Verkefnisstjóri sagði frá málinu.

Fundarmenn voru sammála því að mikilvægt væri að verkefnisstjórn fengi nánari upplýsingar og kynningu á starfi MWE og hvernig það nýtist fulltrúum sveitarfélaga. Sambandið á fund með MWE þann 30. september nk. og er öllum stjórnarmönnum velkomið að sitja þann fund.

7. Könnun sambandsins tengd heimsmarkmiði 12 - 2009232SA

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki þegar kemur að því að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála. Þau eru einnig leiðandi í úrgangsstjórnun fyrir landið allt.

Sambandið hyggst senda út könnun í tengslum við Samstarfsvettvang sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið sem mun gagnast í áframhaldandi vinnu að þróun mælikvarða, annars vegar er varðar heimsmarkmið 12 um neyslu og úrgang og hins vegar heimsmarkmið 13 um loftslagsmál. Könnunin er jafnframt gerð í ljósi þeirra breytinga sem framundan eru vegna nýlegra lagabreytinga bæði í loftslags- og úrgangsmálum.

Verkefnisstjóri fór stuttlega yfir spurningarnar og tók við ábendingum frá fundarmönnum.

8. Önnur mál - 2009111SA

Samþykkt að næsti fundur verði staðfundur þann 25. október nk. kl.11:00.

Fundi var slitið kl. 13:00

Jón Viggó Gunnarsson

Steinþór Þórðarson

Rut Arnfjörð Jónsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Freyr Ævarsson